



## Jafnréttisskimun

### Netfang

Að sett verði á fót sértækt tímabundið húsnæði fyrir sex konur.

### Nafn verkefnis/tillögu

kristjana.gunnarsdottir@reykjavik.is

### Tengiliður

kristjana.gunnarsdottir@reykjavik.is

### Svið

VEL

### Þjónustupáttur

Heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuparfir

### Jafnréttisskimun er framkvæmd vegna

Annað

### Liggur fyrir fjárhagsáætlun fyrir tillöguna/verkefnið?

Já

### Áætlaður kostnaður verkefnis

220000000 kr.

### Lýsið tillögunni og markmiðum hennar



Í endurskoðaðri aðgerðaráætlun með stefnu í málefnum heimilislausra er áhersla lögð á þrepaskiptan stuðning m.a. stuðning til sjálfstæðrar búsetu í sértöku tímabundnu húsnæði. Með búsetu í sérstöku tímabundnu húsnæði er unnið að því að meta þjónustupörf einstaklinga, undirbúa þá fyrir sjálfstæða búsetu, annað hvort á almennum leigumarkaði eða í félagslegu leiguhúsnæði á grundvelli þjónustumats. Um er að ræða sólarhringsþjónustu.

### **Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti?**

Já

### **Lýsið hvernig hugað var að kynja- og jafnréttissjónarmiðum þegar tillagan var undirbúin?**

Tímabundið sértækt húsnæði fyrir karla var sett á stofn á árinu 2024 en mikilvægt er að tryggja konum sambærilegt úrræði. Markhópur úrræðisins voru karlar sem höfðu nýtt neyðarskýli í langan tíma og voru metnir tilbúnir til þess að takast á við ýmsar áskoranir t.d. varðandi leigugreiðslur og virkni. Jákvæð reynsla er af úrræðinu og mikilvægt að konum standi sambærilegt úrræði til boða.

### **Hverjir eru markhópar tillögunnar? Hvaða hópa fólks hefur tillagan áhrif á og hvernig?**

Heimilislausar konur með miklar og flóknar þjónustuparfir sem hafa nýtt neyðarskýli fyrir konur í langan tíma. Konur sem glíma við vímuefnavanda, heimilisleysi og jaðarsetningu eiga sér iðulega langa sögu um kynbundið ofbeldi og vanrækslu. Þetta hefur alvarleg áhrif á heilsu þeirra, bæði andlega og líkamlega. Mikilvægt er að þjónusta við þennan hóp taki mið af þessari stöðu.

### **Eru til kyngreind gögn um þá hópa?**

Já

### **Hvað segja gögnin?**

Í Konukoti eru rúm fyrir 12 konur. Árið 2024 nýttu 84 gestir athvarfið og gistinætur voru 3.279 talsins. Að meðaltali gistu 9-10 gestir í húsinu á hverri nóttu. Fjöldi gistinátta var misjöfn eftir einstaklingum eða allt frá einni nótt uppí 329 nætur.





## Hvaða gögnum þyrfti að afla/vera hægt að greina niður á kyn eða aðrar breytur?

### Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og, eftir því sem við á, þá hópa sem eru tilteknir í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar? Vinsamlegast rökstyðjið

Tillagan hefur jákvæð áhrif á stöðu þeirra kvenna sem nýtt hafa neyðarskýli fyrir konur. Margar kvennanna sem sækja Konukot hafa þurft þjónustu þar of lengi, yfir langt tímabil, miðað við að neyðarskýli eru ætluð til stuttrar dvalar, og stefna borgarinnar er að enginn eigi að þurfa að dvelja of lengi í neyðarhúsnæði. Mikilvægt er að til staðar séu úrræði með stuðning þar sem ekki er krafist algjörrar edrúmensku og unnið er útfrá mannréttindamiðaðari og skaðaminnkandi nálgun. Með því úrræði sem til stendur að koma fót fá konur sömu tækifæri og karlar til aukins stuðnings í öruggu húsnæði þar sem lagt verður mat á einstaklingsbundnar þjónustuparfir, og stuðningur veittur til aukins sjálfstæðis og virkni.

### Vinsamlega veldu hvað af eftirfarandi passar best við niðurstöðu jafnréttisskimunarinnar

Tillagan/Verkefnið hefur jákvæð jafnréttisáhrif

### Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?

Nei

### Annað?

Mikilvægt er að samningar við þjónustuaðila byggi á mannréttindastefnu borgarinnar, hægt er að horfa til samnings við Konukot þar sem kemur fram að þjónustan skuli byggjast á grundvelli mannréttinda og skal mannréttindastefna Reykjavíkurborgar höfð að leiðarljósi og vera „áfalla- og kynjamiðuð og fylgja viðmiðum um öryggi, trúverðugleika og gagnsæi, jafningjastuðning, samvinnu og gagnvirkni, valdeflingu og val“. Hún á líka að vera í samræmi við hugmyndafræði skaðaminnkunar, einstaklingsmiðuð, valdeflandi og viðhafa samvinnu og notendasamráð. Kvennamiðuð þjónusta er gagnreynd aðferð sem byggir á þekkingu á sérþörfum kvenna og kynjafræðilegum rannsóknum og ráðleggingar alþjóðastofnana.